



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26030005

MINNISBLAÐ

Bætt loftgæði í Reykjavík – aðgerðir

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. apríl var lögð fram eftirfarandi málsmeðferðartillaga við tillögu borgarstjórnar frá 3. mars 2026 sem áður hafði verið vísað til meðferðar ráðsins.

Umhverfis- og skipulagsráð felur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að taka saman minnisblað um þær aðgerðir sem Reykjavíkurborg getur farið í til að bæta loftgæði í borginni og hverjir væru mögulegir og/eða nauðsynlegir samstarfsaðilar. Einnig skal í minnisblaðinu taka saman yfirlit yfir það sem gert hefur verið undanfarin ár til að bæta loftgæði í borginni.

Um loftgæði

Umræða um styrk svifryks í Reykjavík hefur verið árviss um nokkurn tíma. Á hverjum vetri koma fréttir í fjölmiðlum þar sem fjallað er um þetta vandamál og varað við því að líkur séu á að farið verði yfir sólarhringsheilsuverndarmörkin sem eru $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$.

Loftgæði í Reykjavík eru almennt mjög góð en svifryk (PM10) er það efni sem líklegast er til að fara yfir heilsuverndarmörk. Ársmeðaltal svifryks er svipað og í mörgum milljónaborgum í kringum okkur. Í Reykjavík eru margir dagar með lítilli svifryksmengun en svo nokkrir dagar með mikilli svifryksmengun sem hækka ársmeðaltalið.

Ein helsta uppspretta loftmengunar í þéttbýli eru samgöngur. Við bruna jarðefnaeldsneytis, t.d. bensíns og díselolíu myndast ýmis mengandi efni svo sem svifryk og köfnunarefnissambönd. Einnig getur uppruni svifryks verið uppspænt malbik. Náttúrulegir atburðir eins og eldgos, jarðvegsrof, sandfok og losun frá hverasvæðum leggja einnig til svifryk og önnur loftmengandi efni. Eldgos hefur verið ein helsta uppspretta brennisteinsdíoxíðs fyrir utan stóriðju síðustu ár. Helsta efnið sem losnar á hverasvæðum og frá jarðvarmavirkjunum er brennisteinsvetni, vetnissúlfíð. Að auki getur styrkur loftmengandi efna hér á landi hækkað tímabundið vegna loftmengunarefna sem berast t.d. frá Evrópu eða Bandaríkjunum.

Þær aðgerðir sem valdar eru til að draga úr loftmengunar frá umferð fara eftir því um hvaða mengunarefni er að ræða. Sumar aðgerðir nýtast til að draga úr fleiri en einu mengunarefni en aðrar henta bara ákveðnum efnum.

Það sem þegar er gert

Frá árinu 1990 hefur Reykjavíkurborg vaktað loftgæði. Nánari upplýsingar um mælingarnar, mælistaði og fleira varðandi loftgæði í Reykjavík má sjá á heimasíðu



Reykjavíkurborgar¹ en einnig á vefnum Loftgæði á Íslandi sem Umhverfis- og orkustofnun rekur.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur er með viðbragðsáætlun² um loftgæði sem byggir á starfsemi viðbragðsteymis sem metur t.a.m. hvort senda skuli út viðvaranir til almennings um að loftgæði séu líkleg til að fara yfir heilsuverndarmörk og hvort fara eigi út í mótvægisáðgerðir á hverjum tíma eins og t.d. rykbindingu.

Reykjavíkurborg hefur um langt skeið unnið að því að bæta loftgæði í borginni. Meðal þess sem gert hefur verið er:

- **Vitundarvakning um nagladekk:** Hvatt hefur verið til notkunar vandaðra vetrardekkja án nagla innan borgarmarkanna, en fyrir liggur að nagladekk eru einn helsti orsakavaldur svifryks. Unnar hafa verið skjá- og útvarpsauglýsingar, ritaðar greinar og viðtöl veitt í þessum tilgangi.
- **Rykbinding helstu umferðargatna:** Notast er við rykbindiefni, svo sem magnesíumklóríð og kalsíum-magnesíumklóríð, í samstarfi við Vegagerðina sem er veghaldari þjóðvega í þéttbýli. Bindingin dugar jafnan í 2–3 daga í senn.
- **Breyttar hálkuvarnir:** Notkun hálkuvarnarsands hefur verið hætt til að draga úr ryki. Þess í stað er eingöngu notað salt til að hálkuverja götur, göngu- og hjólastíga.
- **Götusópun og þvottur:** Götusópun og þvotti hefur verið sinnt eins og aðstæður leyfa. Vorsópun gatna hófst þann 13. apríl síðastliðinn samkvæmt verkáætlun³ vorhrensunar. Götusópun fer einnig fram yfir vetrarmánuðina en þvottur er erfiður þegar hitastig fer undir frostmark. Götum er forgangsraðað eftir mikilvægi og hafa ákveðnar stofnbrautir verið sópaðar aukalega þegar tækifæri hafa gefist, eins og gert var í janúar 2026.

Mögulegar aðgerðir til að bæta loftgæði og helstu samstarfsaðilar

Eftirfarandi er samantekt á helstu mögulegu aðgerðum til að bæta loftgæði. Hluti aðgerða er háður samstarfi við utanaðkomandi aðila.

- **Fækkun ökutækja á götum:** Beita aðgerðum til að draga úr umferð, svo sem með því að:
 - Hvetja til fjarvinnu sérstaklega þegar útlit er fyrir slæm loftgæði. Reykjavíkurborg hefur hér tækifæri til að vera leiðandi en vel færi á því að vinna í samvinnu við fleiri stóra vinnuveitendur á höfuðborgarsvæðinu og t.d. Festu, miðstöð um sjálfbærni.

¹ Loftgæði í Reykjavík: [Loftgæði í Reykjavík | Reykjavík](#)

² Viðbragðsáætlun um loftgæði: https://reykjavik.is/sites/default/files/vidbragdsaaetlun_um_loftgaedi_3.pdf

³ Verkáætlun vorhrensunar 2026: https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-04/Vorsopun_2026_0.pdf

⁴ Forgangsröðun á þrifum gatna í Reykjavík: <https://borgarsja.reykjavik.is/?x=360211.3&y=406222.6&z=3&visiblelayers=692,487,709,488,489&visiblelayers=75.73>

⁵ Forgangsgötur stofnbrauta vesturhluti: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=359439.9&y=407582.6&z=3&qId=1769086439184>

⁶ Forgangsgötur stofnbrauta austurhluti: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=361082.3&y=404955.2&z=2&qId=1768918676946>



- Almennings­samgöngur verði eftirsóknarverðari valkostur með t.d. tíðari ferðum, skilvirkara og áreiðanlegra kerfi (sér­rymi) og forgangi á umferðarljósum en einnig með bættri vetrarþjónustu og aðgengi á leiðum að og frá biðstöðvum og á þeim. Samstarfsaðili: Almennings­samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.
 - Raunhæft verði fyrir fleiri að ganga og hjóla. Halda áfram að bæta aðgengi og öryggi fyrir þessa ferðamáta og bæta enn frekar vetrarþjónustu á stígum.
 - Innleiða lokanir á vegum eða svæðum, eða takmarka akstur hluta bílaflo­tas til að draga úr losun köfnunarefnisdíoxíðs (NO₂) frá bensín og dísilvélum. Samstarfsaðili: lögreglan, Vegagerðin og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
 - Skilgreina láglosunarsvæði (e. *low-emission zones*) þar sem akstur mengandi ökutækja er takmarkaður eða óheimill. Samstarfsaðili: lögreglan.
 - Afmarka svæði þar sem notkun nagladekkja er óheimil. Samstarfsaðili: lögreglan.
 - Endurskoða nærsvæði gatna og efnisval. Hanna lausnir sem lúta að rykfríu yfirborði á nærsvæðinu.
- **Stýring umferðar og hraða:** Nota stafræn umferðarskilti til að takmarka umferðarhraða og þungaumferð, sem dregur úr uppþyrlun svifryks. Samstarfsaðili: Vegagerðin og lögreglan.
 - **Vitundavakning, bætt upplýsingagjöf og ívilnanir:**
 - Miðla rauntímaupplýsingum um loftgæði til almennings, til dæmis með stafrænum skiltum í strætóskýlum og í strætisvögnum og við helstu umferðagatnamót. Samstarfsaðili: Strætó
 - Þjóða styrki/niðurgreiðslu á góðum ónegldum vetrardekkjum til íbúa borgarinnar en slíkt er þekkt í Noregi t.d.
 - Vistvæn dekkjaverkstæði. Viðurkenning dekkjaverkstæða sem hvetja til notkunar naglalausra dekkja og athygli vakin á þjónustu þeirra. Samstarfsaðilar: Dekkjaverkstæði.
 - Leita leiða til að auka traust fólks á góðum ónegldum vetrardekkjum en könnun á viðhorfi fólks bendir til þess að fólk telji þau óruggari sem er ekki samræmi við prófanir, eins og með einhverskonar tækifæri til að prófa dekk áður en þau eru keypt. Samstarfsaðili: t.d. Samgöngustofa
 - Áframhaldandi upplýsingagjöf um áhrif ökutækja, umferðar og nagladekkja á loftgæði. Samstarfsaðili Landlæknir, Samgöngustofa, Vegagerðin og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu
 - **Fjárfesting í tækjabúnaði til götuprifa:** Endurnýja tækjakost með áherslu á búnað sem síar útblástur og þyrlar upp minna ryki við þrif.
 - **Kröfur til tækjakosts og framkvæmdasvæða:**
 - Gera markvissari og ríkari útblásturskröfur til tækja í notkun hjá borginni, bæði eigin tækjakosts og verktaka (Euro vehicle emission standard).
 - Koma fyrir að jarðvegur berist út á götur og myndi svifryk. Hægt er að setja skilyrði um dekkjaþvott og yfirbreiðslu farms í framkvæmdaleyfi. Samstarfsaðilar: framkvæmdaraðilar.



- Draga úr ryki með vökvun framkvæmdasvæða á þurrum dögum og lágmarka þann tíma sem lóðir standa opnar og ófrágengnar. Samstarfsaðilar: framkvæmdaraðilar.

Allar takmarkanir á umferð gagnast til að draga úr mengun af hennar völdum. Fækkun ökutækja í umferð, takmörkun á hámarkshraða og takmörkun á ákveðinni gerð ökutækja eru því aðgerðir sem virka vel til að draga heildstætt úr mengun af völdum umferðar. Þyngri og stærri ökutæki valda meiri mengun en þróunin undanfarin ár hefur verið á þann veg að stærri ökutækjum s.s. jeppum og jepplingum hefur fjölgað. Rafbílum fer fjölgandi en þar sem þeir eru þyngri orsaka þeir meiri svifryksmengun, aki þeir um á nagladekkjum, en bílar af sömu stærð sem knúnir eru jarðefnaeldsneyti. Því hefur verið hvatt til þess erlendis að íbúar í borgum ferðist frekar um á minni og léttari ökutækjum til að draga úr mengun.